




Tillaga nr. 2. Höfundur: Erling Grosen Pedersen.



Tillaga nr. 14. Höfundar: Reynir Vilhjálmsson, Helgi Hjálmarsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Dennis Jóhannesson og Björn Helgason.



Tillaga nr. 21. Höfundur: Birna Björnsdóttir.



Tillaga nr. 28. Höfundar: Jóhann Einarsson, Guðmundur Gunnlaugsson og Pétur Jónsson.

Hlutverk og mótun Arnarhóls

— Sex tillögur hlutu verðlaun og rétt til þátttöku á seinna þrepi


NIÐURSTADA dómnefndar í fyrra þrepi hugmyndasamkeppni um hlutverk og mótun Arnarhóls liggur nú fyrir. Sex hugmyndir hlutu verðlaun, 150 þúsund krónur og rétt til þátttöku í síðara þrepi samkeppninnar, en auk þess ákváð dómnefnd að kaupa inn tvær tillögur, fyrir 65 þúsund krónur hvora, og tvær tillögur hlutu sérstaka viðurkenningu, og fylgdu henni 50 þúsund krónur til hvors höfundar.

Í formála dómnefndar segir, að tvær megin ástæður hafi legið til þess, að Reykjavíkurborg og Seðlabanki Íslands ákváðu að efna sameiginlega til þessarar hugmyndasamkeppni. Í fyrsta lagi var það mat forráðamanna borgarinnar að hólnum og svæðinu í kring yrði að gera eitthvað til, ef hann ætti að verða á ný það aðdráttarafli, sem hann áður var, bæði lagfæra hann og laga að þeim kröfum, sem gerðar eru til nýtingar hans sem útivistarsvæðis. Í annan stað var fyrirsjáanlegt að lokið yrði við byggingu Seðlabanka Íslands árið 1986 en það ár halda Reykvíkingar 200 ára kaupstaðaréttindi borgarinnar hátíðleg. Aðalinnangangur í seðlabankabygginguna verður að sunnanverðu og verður aðkoma að honum á þaki Kolaports, bifreiðageymslu Reykjavíkurborgar. Þetta svæði tengist Arnarhóli beint auk þess sem bankinn veitir skjól, sem eykur nýtingarmöguleika hólsins verulega, ef rétt er á haldið. En hann er


einnig kjörinn til útivistar fáist þar skjól auk þess sem stóruhátiðahöld borgarbúa hafa gjarnan farið þar fram.

Dómnefnd ákváð að hugmyndasamkeppnin skyldi fara fram í tveimur þrepum. Í hinu fyrra skyldi leitað á sem óbundnastan hátt eftir hugmyndum og tillögum og skyldi keppnislýsing því vera víð og frjálleg. Tilgangurinn var sá að gefa sem flestum tækifæri til að taka þátt og jafnframt til þess að láða mætti fram sem fjölbreyttastar hugmyndir, sem ekki væru þvingaðar af þröngum og fyrirfram afmörkuðum ramma dómnefndar. Sex tillögur voru síðan valdar til þátttöku í síðara þrepi til frekari úrvinnslu. Jafnframt var ákveðið að kaupa tvær tillögur, sem verðlaunahafar mættu hafa gagn af í framhaldsvinnu, og tvær hlutu sérstaka viðurkenningu, sem þóttu hafa sitt hvad sér til ágætis, en dómnefnd taldi þó vafasamt að þær væru raunhæfar, vegna umfangs, kostnaðar eða annarra þátta.

Dómnefnd skipa Davíð Oddsson borgarstjóri, dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og arkitektarnir Guðmundur Kr. Guðmundsson, Gunnar Friðbjörnsson og Þórarinn Þórarinnsson. Trúnaðarmaður nefndarinnar er Ólafur Jensson og ritari Hjörleifur B. Kvaran. Á meðfylgjandi myndum má sjá þær tillögur sem hlutu verðlaun og rétt til áframhaldandi þátttöku.



Tillaga nr. 29. Höfundar: Guðrún Jónsdóttir og Knútur Jeppesen.



Tillaga nr. 30. Höfundar: Friða Björg Eðvaldsdóttir, Auður Sveinsdóttir og Gunnlaugur Ólafsson Johnson.

Þessar sex tillögur hlutu verðlaun og rétt til þátttöku á seinna þrepi